

**208. fundur skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar
haldinn í Ráðhúsi Fjallabyggðar, Gránugötu 24, Siglufirði
miðvikudaginn 7. desember 2016 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Brynja I. Hafsteinsdóttir, formaður, D lista
Guðmundur J Skarphéðinsson, aðalmaður, D lista
Hilmar Þór Elefsen, varaformaður, S lista
Jón Valgeir Baldursson, aðalmaður, B lista
Valur Þór Hilmarsson, varamaður, S lista
Ármann Viðar Sigurðsson, deildarstjóri tæknideildar
Andri Þór Andrésson, tæknifulltrúi

Fundargerð ritaði: Andri Þór Andrésson, tæknifulltrúi.

Fyrir var tekið:

1. 1611045 - Innköllun á hluta af lóð vegna skipulagsástæðna, Vetrarbraut 21-23.

Inkalla þarf hluta af lóð Vetrarbrautar 21-23 vegna skipulagsástæðna þar sem lóðin liggur að hluta til yfir fyrirhugaða framlengingu Þormóðsgötu.

Nefndin samþykkir að innkalla hluta af lóð í samræmi við gildandi deiliskipulag á Þormóðseyri.

2. 1611052 - Deiliskipulag-lóðir norðan hafnarbyggju

Tillaga að skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag lóða norðan við Hafnarbyggju lögð fyrir nefndina.

Nefndin samþykkir að auglýsa skipulagslýsinguna og að hefja vinnu við deiliskipulagstillögu.

3. 1611069 - Umsókn um byggingarleyfi

Karl Konráð Baldvinsson sækir um byggingarleyfi fyrir hönd eiganda Norðurgötu 4b.

Erindi samþykkt.

4. 1611070 - Breytt notkun á hluta fasteignar Laugarvegi18

Sigurlína Káradóttir óskar eftir leyfi fyrir atvinnustarfsemi í íbúðarbyggð. Um er að ræða hárgreiðslustofu á neðri hæð að Laugarvegi 18 sem nú er skráð íbúðarhúsnæði að öllu leyti.

Erindi samþykkt.

5. 1111022 - Spennistöð við Hverfisgötu - umsókn um lóð

Nýr lóðarleigusamningur fyrir lóðina að Hverfisgötu 36 lagður fyrir nefnd. Áður hafði nefndin samþykkt að úthluta lóð undir spennistöð Rarik þann 16.11.2011.

Nefndin samþykkir framlagðan lóðarleigusamning.

6. 1612001 - Rekstraryfirlit október 2016

Rekstraryfirlit október 2016 lagt fyrir nefndina.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30.